



Úr fortíðinni. Myndaserían Tigger Tigger kom í leitirnar fyrir skömmu.

Fréttablaðið, 05. Júlí 2006 08:30



Mótsagnir léttleikans

Listamaðurinn Franco Marinai sýnir myndir í gallerí verslunarinnar Hún og hún við Skólavörðustíg og nefnir sýningu sína Flest ský minna mig á Ísland. Myndirnar eru unnar með sérstakri aðferð þar sem notast er við koparætingu en aðferðin byggir á uppgötvun Williams Talbot sem var brautryðjandi á sviði ljósmyndataekni.

Með þessari tækni vinnur listamaðurinn með ljósmyndir en gefur þeim nýja vídd því hann notar aðferð koparætingarinnar til að hlutgera ljósmyndina sjálfa og viðfang hennar. Á þessari sýningu má sjá myndir Marinai af brotakenndri íslenskri náttúru, til dæmis af smágerðum steinum en hana mætti einnig túlka sem virðingavott hans til náttúru Íslands þar sem leikið er með mótsögn léttleikans og efnisins því líkt og yfirskriftin ber með sér minna skýin listamanninn á íslenskt grjótt. Á sýningunni gefur einnig að líta önnur og eldri verk listamannsins, þar á meðal myndir sem Marinai tók árið 1969 og fundust nýlega í kjallara á heimili móður hans. Sýningin stendur til 25. júlí.